



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Furuskógur

2023 – 2024



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans.....	<b>Villa! Bókamerki ekki skilgreint.</b>
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023 .....	5
3 Innra mat deilda.....	7
4 Innra mat sérkennslu.....	8
5 Innra mat – fjöltyngd börn.....	41
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla .....	43
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .....	43
8 Foreldrasamvinna.....	44
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	44
10 Fylgigögn.....	44
<b>10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....</b>	<b>44</b>



## Leiðarljós Furuskógar

*Við höfum kærleika og faglega umhyggju að leiðarljósi í uppeldi og menntun barna, sem stuðlar að því að börnin þrói með sér jákvæða sjálfsmynd. Sérstaða og sjónarmið hvers einstaklings eru virt, og stuðlað að því að börnin verði fær um að lifa og starfa á farsælan hátt í samfélagi við aðra menn og umhverfi sitt.*



## Greinargerð leikskólastjóra

Við lögum af stað á nýju skólaári full bjartsýni og spennt að takast á við ný verkefni, sannfærð að þetta skólaár yrði ekki eins krefjandi og það síðasta. Á fyrsta skipulagsdegi skólaársins í lok ágúst fengum við fagstjóran okkar til þess að kynna fyrir okkur hugmyndir um breytingar á skólaþjónustu. Markmið þeirra eru í samræmi við farsældar lögin og Menntastefnu Reykjavíkur þar sem lögð er áhersla á öll börn eigi rétt á að njóta sín í skólanum og að skólinn sé fyrir alla. Við fengum kynningu á lausnarteymisvinnu og vorum við búin að taka ákvörðun að innleiða lausnarteymi í starfið okkar. Lausnarteymisvinna byggir á þverfaglegri lausnarleit. Í lausnarteyminu situr stjórnendateymið leikskólans ásamt sérfræðingum frá Norðurmiðstöð. Við höfum verið að þróa vinnu teymisins í vetur er það mín skoðun að þessi vinna eigi eftir vera til hagsbóta fyrir börnin í Furuskógi.

Í lok október var fengum kynningu á starfsendarannsóknnum. Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir dósent við HÍ sá um kynningu og var það markmið af fá starfsmannahópinn til þess að tileinka sér þessa aðferð. Starfendarannsóknir eru áhrifarík aðferð til þess efla fagvitund og þróun í starfi. Okkur tókst ekki að byrja á þessari aðferð á skólaári en tókum tíma að kynna okkur hana og er ætlunin að fara af stað á þessu skólaári.

Í lok október fengum við húsnæði leikskólans við Áland aftur eftir miklar endurbætur. Við höfðum verið í 7. mánuði í Safamýri á meðan endurbæturnar fór fram. Það var mikil gleði og eftirvænting að flytja aftur til baka og enn og aftur vann starfsfólkið þrekvirki til þess að láta flutninganna ganga. Koma öllu fyrir á stuttum tíma. Vil ég nota tækifæri að þakka starfsfólkinu mínu fyrir frábært og óeigingjarnt starf.

Í nóvember var gerð viðhorfskönnun á meðal starfsfólksins. Niðurstöður hennar voru kynntar í nóvember. Það var ánægjulegt að sjá hvað starfsfólkið í Furuskógi finnur fyrir góðum starfsanda fær hrós og hvatningu. Jafnrétti einkennir skólabraginn sem er ánægjulegt sjá í regnbogavottuðum leikskóla.




Við heldum áfram að vinna með samskiptasáttmála. Fengum kynningu á skipulagsdegi á samskiptasáttmála Kringlumýrar . Í febrúar kom Guðrúnu Snorradóttur til að aðstoða okkur við að búa til okkar samskiptasáttmála. Í vor fór starfsmanna hópurinn í námsferð til Húsavíkur. Það voru allir ánægðir með ferðina fannst hún skila góðu hópefli og mikla faglega upplýftingu. Það sem okkur fannst áhugaverðast í leikskólann Grænvöllum var hvernig læsis stefnan og útinámið var útfært fyrir hvern aldurshóp leikskólans. Vinna þeirra með jákvæðan aga er eitthvað sem okkur langar að skoða betur. Leikskólanum vantar aga stefnu . Á næsta skólaári ætlum við að skoða þá þætti sem við erum að vinna með dag eins og t,d læsi útnám skoða hvernig við þróun þá vinnu í gegnum allan skólann. Bæta starfsaðstæður barna og starfsfólk í Furuskógi v/Efstaland. Innleiða samskiptasáttmálann okkur hafa hann sýnilegan í umhverfinu leikskólans. Gera starfið sýnilegra. Skapa tækifæri fyrir foreldra að koma að námi barnsins leikskólum. Koma með hugmyndir og tillögur um það sem leikskólinn getur unnið með. Það er komin tími til þess að endurnýja námskrána og kynna fyrir foreldrum.



# Innra og ytra mat Furuskógar


## .1 Ytra mat-Starfsmannakönnun

Viðhorfskönnun starfsmanna var gerð í nóvember. Hún kom mjög vel út og var mjög ánægjulegt að sjá að hjá okkur ríkir góður starfsandi, starfsfólkið upplifir hvatningu og hrós. Jafnrétti í hávegum haft. Sem er mjög ánægjulegt að sjá í ljósi þess að við erum regnbogavottaður leikskóli. Þættir sem krefjast úrbóta eru vinnuskilyrði og ætlum við að leggja af stað að bæta þau í Efstalandi.





## 2.Ytra mat-Foreldrakönnun.

Viðhorfskönnun foreldra var gerð í apríl. Eins og sést á myndunum fyrir neðan þá eru foreldrar ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks. Telja að barninu líði vel í leikskólanum. Starfsfólkið styðji barnið vel í leikskólastarfinu. Þeir þættir sem krefjast úrbóta eru að foreldra upplifa ekki að leikskólinn leiti til þeirra eftir tillögum og hugmyndum. Leikskólinn mætti upplýsa betur um framfarir barnsins. Leikskólinn hvetji ekki nóg til þátttöku foreldra í leikskólastarfinu. Við munum skoða þessa þætti og setja þá inn í umbótaráætlun okkar fyrir næsta skólaár.



Meðalskor spurninga er varða upplifun af leikskólanum



### 2.3.1 Umbótaáætlun leikskólans vegna ytra mats fyrir starfsárið 2023-2024

Umbótarþáttur/ Matsþáttur	Tækifæri til umbóta Af hverju er stefnt ?	Framkvæmd umbóta	Ábyrgðaaðilar	Hefst-Lokið	Hvernig og hvenær metið	Viðmið um árangur Viðmið
Starfsaðstaða	Bæta hljóðvist	Endurbætur á húsnæði m.t.t til hljóðvistar	Stjórnendur	Sept-maí	Heilbrigðiseftirlit viðhorfskönnun	Góð hljóðvist og gott vinnuumhverfi fyrir starfsfólk og börn
Fundir	Að deildarfundir séu einu sinni í mánuði á öllum deildum	Setja fundtíma niður fyrir skólaárið og setja inn í dagbók í outlook	Stjórnendur	Sept-maí	Gera könnun á deildarstjórafundum	Deildarfundur séu fastur liður í starfsemi deildar
Þátttaka foreldra í skipulagi leikskólastarfsins	Skapa vettvang fyrir aðkomu foreldra að starfi leikskólans	Nýta tækifæri á foreldrafundum, foreldraviðtölum fá hugmyndir frá foreldrum	Stjórnendur	Sept/maí	Foreldrakönnun	Virkir foreldrar í starfi leikskólans
Stefna, áhersla og gildi leikskólans	Að gera stefnu áherslur og gildi leikskólans sýnilegri	Upplýsa foreldra um áherslur, stefnu og gildi leikskólans á foreldrafundum í haust	Stjórnendur	Sept/maí	Foreldrakönnun	Vel upplýstir foreldrar skýrar áherslur, stefna.



## Umbótaáætlun vegna innra mats

Umbótarþáttur/ Matsþáttur	Tækifæri til umbóta Af hverju er stefnt ?	Framkvæmd umbóta	Ábyrgðaaðilar	Hefst-Lokið	Hvernig og hvenær metið	Viðmið um árangur Viðmið
Stjórnun	Skólanámskrá Starfsmannahandbók Læsisstefna	Endurskoðun á skólanámskrá Endurskoðun starfsmannahandbók Áætlun fyrir hvern aldurhóp	Stjórnendur	Sept-maí	Metið í vor	Uppfærð skólanámskrá Starfsmannahandbók Skýr læsisstefna Áætlun fyrir hvern aldur
Uppeldis og menntunarstarf I	Vinnuaðstaða Skipulag húsnæðis		Stjórnendur	Sept-maí	Starfsmannkönnun	Vel skipulags húsnæði sem mætir þörfum leikskólastarfsins
Uppeldis og menntunarstarf II	Uppeldislegar skráningar Innleiða töflureikni  Auka aðkomu barnanna að því að skipuleggja eigið nám  Samfella í námi barnanna	Hvetja starfsfólk til þess að nota skráningar í starfinu  Finna leiðir til að gefa aðkomu barnanna að eigin námi	Stjórnendur	Sept/maí	Metið í vor  Metið í vor	Skráningar er hluti af leikskólastarfinu  Börnin virkir þáttakendur í eigin námi
Leikskólabragur	Gildi leikskólans sýnileg í umhverfinu  Stefnur og verklag samræmt  Hvert barn fái að njóta sín	Setja upp gildin okkar í umhverfið  Samræmdar áherslur starfsfólk	Stjórnendur	Sept/maí	Í vor í innra mati	Gildin sýnileg  Samhent starfsfólk  Áherslur í uppeldistarfinu sem mest samræmdar

## Innra mat Birkilundar

Í vetur voru 16 börn fædd árið 2019 og 2020 á Birkilundi.

### Félagsfærni:

Við leggjum mikla áherslu á jákvæð samskipti og að kenna börnum vinafærni. Þau æfa sig meðal annars að virða einkarými hvers og eins þar sem aðalreglan hjá okkur er „við höfum hendur og fætur hjá okkur“ og að nota orð í staðinn fyrir grátur, taka af eða lemja og fengu þau mikið hrós fyrir rétta hegðun. Auk þess syngjum við og lesum reglulega lög og bækur tengd vinafærni. Búið er að skipuleggja dagana þannig að starfmaður getur verið til staðar í leiknum hjá börnunum og styður hann börnin í að





móta hæfni í jákvæð samskipti. Eftir innleiðingu vinnustyttingar þurftum við að dreifa verkefnum á færri starfsmenn og því urðu færri tækifæri fyrir starfsmenn til að vera ótruflaðir til staðar í leiknum fyrir börnin. Þó tækifærum hafi fækkað eftir áramót tókst það vel að innleiða þessi vinnubrögð. Í könnun sem gerð var með börnunum í maí 2021 hvað góður vinur væri þá var algengasta svarið barna að góðir vinir leiki saman og teldu þau svo upp hvað þeim finnst gaman að leika saman við þá.

- **Styrkleikar:** Við sáum mun á börnunum þegar starfsmaður er með í leiknum og sýndu þau miklar framfarir í jákvæðum samskiptum.

Starfsmönnum á Birkilundi fannst að við gætum styrkt börnin enn frekar í jákvæðum samskiptum. Börnin á Birkilundi eru oftast í samhliðaleik það er að segja að þau leika sér með sama dóti og hin börnin í kring en ekki endilega við þau. Þau eiga stundum erfitt með að deila dóti þegar annað barn kemur með inn í leik. Í þetta sinn vildum við einblína okkur á að hjálpa börnunum að leika í kringum aðra og að deila dótinu sem þau eru sjálf upptekin af.

- **Tækifæri til umbóta:** Að styrkja börnin enn frekar í jákvæðum samskiptum. Hjálpum börnum að taka því að önnur börn sýni því áhuga sem þau eru sjálf upptekin af.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hlutverk starfsfólks í frjálsum leik barnanna   Félagsfærni	Starfsfólk er til staðar í leiknum hjá börnunum til að styrkja börnin enn frekar í jákvæðum samskiptum, að taka því	Starfsfólk er meðvitað um að leiðbeina börnin á jákvæðan hátt í þessu ferli.	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma	Í sept. 2021	Í maí 2022	Deildarfundir til að meta og ræða um hvernig gengur. Skráning: Ljósmyndir og myndbönd	Börnin sýna sjálf frumkvæði að jákvæðum lausnum í samskiptum.




að önnur börn sýni því áhuga sem þau eru sjálf upptekin af og þannig í þroskaferlinu.

### Heilbrigði: Hugarfrelsi, festa í dagskipulag

Við á Birkilundi leggjum mikla áherslu á vellíðan barna bæði andlega og félagslega. Við förum daglega einu sinni til tvisvar út í garð þar sem börnin geta hreyft sig, klifrað, hlaupið, hjólað o.s.frv. Einnig förum við reglulega í útinám til að auka þol og úthald þeirra. Núna í haust byrjuðum við að innleiða aðferðir Hugarfrelsisins um núvitund og slökun. Þessir aðferðir geta hjálpað börnunum að róa sig og stuðlað að betri einbeitingu. Þrátt fyrir að við byrjuðum að nota öndunar- og slökunaraðferðir höfum við ekki nóg markvisst unnið með þá. Niðurstaða deildarstarfsmanna var sú að skipuleggja þurfi betur hugarfrelsistíma og festa þá í dagskipulaginu.

- **Tækifæri til umbóta:** Börnin fara reglulega í skipulagða hugarfrelsistíma.

UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Innleiðing á Hugarfrelsi  Heilbrigði	Markvisst innleiðing á Hugarfrelsi	Skipuleggja dagskipulagið þannig að æfingar og sögur úr bókinni Hugarfrelsisins verða komin	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma	Í sept. 2021	Í maí 2022	Deildarfundir til að meta og ræða um hvernig gengur. Skráning: Ljósmyndir og myndbönd	Þegar aðferðir Hugarfrelsis eru komnar inn í daglegt starf og börnin eru



inn í daglegt  
starf.

byrjuð að  
nota þær.

### Sjálfsfelling:

Á Birkilundi leggjum við mikla áherslu á að skapa námsumhverfi sem mætir börnunum á forsendum þeirra þar sem þau geta eftt sjálföruggi og sjálfstæði, við hrósum og hvetjum þau í mismunandi aðstæðum, eins og að æfa sig að klæða sig sjálf í og úr útifötum, leysa verkefni og viðfangsefni á eigin spýtum (púsla, perla, byggja o.s.frv.) svo eitthvað sé nefnt. Þannig „öðlist [börnin] trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika“<sup>(1)</sup> og örva á sama tíma sjálfsmýnd sem er meðal annars grundvöllur til að geta tekið „sjálfstæðar og ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra“<sup>(1)</sup>. Þrátt fyrir að við spyrjum börnin oft hvað þau vilja leika með þá höfum við ekki unnið nógu markvisst af því að ýta undir rödd barna í vetur. Niðurstaða deildarstarfsmanna var sú að við viljum vinna markvissari að því að hlusta á rödd barna. Því ákváðum við að auka tækifæri barna um val leikefna. Á þennan hátt fá börnin tækifæri til að verða virkir þátttakendur í mótun leikskólasamfélagsi sínu.

- **Tækifæri til umbóta:** Umsjónamenn dagsins fara fyrst inn eftir útiveru fyrir hádegi og fá að velja leikefni dagsins með hjálp ljósmynda af dótinu sem er í boði.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Val um leikefni 	Að hlustað er enn frekar á rödd barna.	Umsjónamenn dagsins fara fyrst inn eftir útiveru fyrir hádegi og fá	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma	Í sept 2021	Í maí 2022	Deildarfundir til að meta og ræða um hvernig gengur. Skráning um leikefnaval.	Börnin eru farin að óska sjálf eftir að velja

<sup>1</sup> Reykjavíkurborg. (e.d.). Menntastefna til 2030 – Látum draumana rætast. Sótt af <https://reykjavik.is/menntastefna-til-2030-latum-draumana-raetast>




Sjálfséfling		að velja leikefni.					leikefni fyrir utan þessa stunda.
--------------	--	--------------------	--	--	--	--	-----------------------------------

Umbótaáætlun fyrir skólaár 2022/2023

Umbótaþáttur/ Matsþáttur	Markmið með umbótun	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgðaraðili	Hefst	Lokið	Endurmat: hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og / eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.	
Sjálfséfling  þátttaka í útináms- skipulagningu	Hlusta enn meira á rödd barna.	Tekið verður mið af vorviðtölum barna þar sem þau tjá sig um hvað þeim finnst skemmtilegast að gera í útinámi sem og tjáningar þeirra í samveru- stundum. Auk þess mega þau tvísvar á skólaári taka myndir í útinám sjálf. Þannig taka börnin virkan þátt í skipulagningu útináms.	Allir starfsmenn á deild.	október 2022	maí 2023	Á deildarfundum og í samveru- stundum verður metið og rætt hvernig gengur, þar verða einnig skoðað söfnuðu gögnum eins og myndir úr vettvangsferðum sem bæði kennarar og börnin taka.	Þegar það hefur fest sig í sessi að börnin taka virkan þátt í skipulagningu útináms.
Sjálfséfling 	Styrkja nemenda- sjálfstæði með því að bæta ábyrgð barna.	Börnin skila glasið sitt á matarvagninn og fara sjálfstæði í baðherbergi til að þvo hendurnar. Svo koma þau	Allir starfsmenn á deild.	strax í apríl 2022	maí 2023	Á deildarfundum verður endurmetið hvernig framkvæmdin gekk og gengur, meðal annars hvernig og hvort við tókum eftir	Þegar börnin líður vel í matartímum og sýna ábyrgð og sjálfstæði.



<p>Sjálfsþing barna í matartímum</p>		<p>til baka í sæti sitt en mega sækja sér bók til að stytta sér biðtímann.</p>				<p>að börnin vaxa með aukna ábyrgð. Í foreldraviðtölum á hausti og vori verður í rætt hvort börnin sé búin að bæta sig í sjálfshjálpm og í spjall við þá í fataklefa. Börnin verða spurð í viðtal um líðan þeirra í matartímum.</p>	
<p>Fagmennska og samstarf</p>  <p>Bæta sýnileiki í starfi og bæta þannig foreldrasamstarf</p>	<p>Bætum sýnileiki leikskólastarfs á deild og þannig foreldrasamstarf með því að senda myndband sem sýnir börnin í daglegu leikskólastarfi á tveggja vikna fresti með í föstudags-tölvupóstum.</p>	<p>Starfsfólk tekur myndir og myndbönd af öllum börnum í daglegu leikskólastarfi og býr svo í samvinnu til eitt myndband sem fylgir föstudags-tölvupóstinum.</p>	<p>Allir starfsmenn á deild en deildarstjórinn leggur lokahönd á myndbandið og sendir föstudags-póstinn með myndbandinu.</p>	<p>strax í apríl 2022</p>	<p>maí 2023</p>	<p>Á deildarfundum verður endurmetið hvernig framkvæmdin og samvinnan gekk. Í foreldraviðtölum á hausti og vori verður í sameiningu endurmetið hvort það ætti að bæta sýnileiki.</p>	<p>Þegar starfsmenn hafa tileinkað sér þessi vinnubrögð og foreldrar eru ánægð með sýnileiki leikskólastarfsins.</p>

## Innra mat: Álfasteinn

### Skólaárið 2022 – 2023

Á þessu skólaári unnum við með vináttuna og fjölbreytileikann en leikskólinn er einmitt með Regnbogavottun. Okkur finnst gott að byrja skólaárið á að fjalla um vináttu, hvernig við komum fram við hvort annað og að við erum ekki öll eins. Við spjöllum saman um vináttu og fjölbreytileikann, lesum bækur um viðfangsefnin í samverustundum og syngjum lög þar sem við meðal annars breytum textum og syngjum líka: Dúkkan hans Dóra, Ég heiti Lína Langsokkur og kraftajötunn er. Einnig höfum við verið að leggja inn máhljóð og hreyfingar *Lubba*, framsögn, form og tölustaf. Við kynnum einn staf í byrjun vikunnar í Lubbastund og rifjum upp hvað var í síðustu



viku og erum með hann út vikuna. Við út bjuggum Lubba horn þar sem börnin geta verið með Lubba í leik, í spjalli eða samsíðis því sem þau vilja gera. Í Lubba horninu eru 6 Lubbar, málbein Lubba, tákn Lubbastafa, leggir og skeljar, verðlaust efni og myndir af fjölbreytilegu fólki.



Við höldum áfram að vinna með Hugarfrelsi, mest fer fram í útináminu þar sem við gerum slökunaræfingar, teygjur og hlustum á Hugarfrelsisögur. Á fimmtudögum eftir hádegi er Hugarfrelsisstund/kyrrðarstund í litlum hópum í 20 mínútur þar sem fer fram slökun/núvitund. Við erum með nýtt styrkar orð í hverjum mánuði en ekki hefur gengið vel að leggja þau inn, hefur s.s. gengið misvel hefur að leggja þau inn eftir hvaða orð hefur verið tekið. Við fórum tvisvar á Árbæjarsafnið með börnin og 9 sinnum á bókasafnið í sögustund hjá Rut í Kringlubókarsafninu.



### Að velja bækur

Í umbótaáætlun ætlaði starfsfólk að leyfa börnunum að vera með í því að velja bækur sem yrðu lesnar í næstu viku. Ekki fór það eins og við hugsuðum en í staðin fyrir að leyfa börnunum að fara með að velja bækur úr bókaskápnnum okkar, velur starfsmaður bækurnar fyrir næstu viku og þjónar dagsins velja úr þeim bókum hvað verður lesið í samverustundum dagsins.

- **Styrkleikar:** Hlutverk þjónsins er ábyrðar meira og þjónninn velur bók sem hann vill heyra aftur eða bók sem ekki er búið að lesa áður. Við teljum að þessum þætti sé því hér með lokið.



## Styrktar orð mánaðarins

Eins og kemur fram ofar í skýrslunni, þá var starfsfólk ekki nógu duglegt að muna eftir styrktar orðinu. Meðal annars kom það upp á deildarstjórafundi þegar spurt var hvernig gengi inná deild og var þá ákveðið að rýna aðeins í þau orð sem voru valin og finna ný orð sem væru kannski barnvænni á næsta starfsdegi.

- **Framkvæmd:** Orð valinn sem höfða betur til allra á deildinni í sameiningu með hinum deildunum. Orðin kynnt á næsta skólaári.
- **Styrkur:** Orðin höfði jafnt til kennara, barna og í sameiningu fara dýpra í meiningu/þýðingu styrktar orðs mánaðarins.


## Reglur

Að leyfa börnunum á deildinni að búa til reglur fyrir deildina var einnig í umbótaáætlun en gleymdist alveg að framkvæma. Annað hvort er að sleppa því alveg eða setja upp plan fyrir það sem þarf að gera í byrjun haustannar.

- **Tækifæri til umbóta:** Setja upp skipulag fyrir kennara um það sem þarf að gera í byrjun haustannar.


UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Reglur barna. Í byrjun annar að leyfa börnum að búa til reglur fyrir deildina.	Þegar öll börnin eru byrjuð á deildinni leyfa þeim að búa til reglur fyrir deildina,	Starfsfólk er meðvitað um að leiðbeina börnunum á	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma	Í sept. 2023	Í maí 2024	Deildarfundir til að meta og ræða um hvernig gengur.	Börnin taki þátt í að móta reglur fyrir deildina.



Félagsfærni	þannig að þau taka þátt í að móta og reyna að framfylgja þeim reglum sem þau búa til.	jákvæðan hátt í þessu ferli og hafi skráð niður t.d. í dagbók deildar eða á tússtöflu hvenær eigi að byrja á að gera þetta með þeim.					
UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Umbótaáætlun sýnileg fyrir starfsfólk  Félagsfærni	Hafa umbótaáætlun sýnilegri inná deild fyrir starfsfólkið á deildinni og afleysingar.	Starfsfólk er meðvitað um að framfylgja umbótaáætlunni sem það valdi að gera með því að hafa hana sýnilega inná deild til að minna þau á hana.	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma	Í sept. 2023	Í maí 2024	Deildarfundir til að meta og ræða um hvernig gengur.	Starfsfólk deildar sýna sjálf frumkvæði að framfylgja umbótaáætlun.





UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Styrktar orðin, vinna markvísara með þau.   Félagsfærni	Starfsfólk kynnir styrktarorð mánaðarins fyrir barna hópnum og vinnur með það í hverri viku með því að nota lífsleikni kassann t.d. og skrá niður það sem börnin segja um orðið.	Starfsfólk er meðvitað um að leiðbeina börnin á jákvæðan hátt í þessu ferli.	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma	Í sept/okt. 2023	Í maí 2024	Deildarfundir til að meta og ræða um hvernig gengur. Skráning: Ljósmyndir og myndbönd	Börnin læri ný orð og meiningu þeirra.

## Innra mat Dvergasteins

Veturinn 2022-2023 voru 15 börn á Dvergasteini, þrjú fædd 2019, 11 fædd 2020 og 1 fætt 2021. Deildin skiptist í 11 stráka og fjórar stelpur. Í byrjun árs voru deildastjóraskipti, alls voru 4 starfsmenn allir í 100% starfi. Í byrjun skólaárs var helsta markmið hjá Dvergasteini að hjálpa börnunum að aðlagast því að vera á leikskóla. Lagt var áherslu á að börnunum liði vel og finni fyrir öruggi í leikskólanum, bæði í kringum starfsfólk og börn, lærðu rétta félagsfærni og tækju þátt í ýmiskonar starfsemi sem boðið er uppá á Dvergasteini. Í vetur var markmið okkar á Dvergasteini að vinna með félagsfærni, frjálsan leik, heilbrigði og útinám.



Þrír aldurshópar voru á deildinni sem bjó til ákveðna áskorun fyrir starfið. Allt gekk þó vel þar sem reynt var að finna starfsemi sem hentar öllum aldurs þroska. Ein aðferð sem notuð var til að bregðast við mismunandi aldurshópum á deildinni var að skipta samveru í tvennt (ein sem hentar yngri hópnum þar sem efnið var léttara og framkvæmt á styttri tíma og ein sem hentar eldri hópnum með aðeins erfiðari lesefni og framkvæmt á lengri tíma). Við innleiddum einnig kennsluáðferðina Lubbi finnur málbein þar sem við fórum yfir þau máhljóð sem aldurshóparnir á Dvergasteini áttu að læra. Þar kenndum við máhljóðin í gegnum lög, bækur og myndir af hlutum sem byrjuðu á því máhljóði sem verið var að kenna. Hvert máhljóð var unnið með í viku og síðan var upprifjun á þeim máhljóðum sem voru kennd í fyrri vikum. Við sjáum miklar framfarir í framburði barnanna eftir að hafa notað aðferðir frá Lubbi finnur málbein og munum halda áfram að nota sömu aðferðir næsta vetur.

### **Félagsfærni**

Stór hluti af starfi á yngstu deild er að kenna börnum félagsfærni. Félagfærni leyfir einstaklingum að taka þátt í starfi á viðeigandi hátt og taka þátt í félagslegum aðstæðum. Í félagsfærni felst jákvæð samskipti, nota orðin sín ekki hendur í samskiptum, fylgja fyrirmælum og margt fleira. Í vetur höfum við haft félagsfærni í forgangi og hefur það gengið ágætlega. Við höfum verið mjög virk í að vera með börnunum í leik og fylgst með hvernig þau eru að leika sér. Þessi vetur hefur verið krefjandi þegar kemur að félagsfærni og höfum við starfsmennirnir lært mikið þegar kemur að félagsfærni. Við höfum verið að vinna með félagsfærni sögur t.d. Bína bálreiða, skrímslabækurnar og félagsfærni sögu tengt hvolpasveitinni sem deildastjóri bjó til. Við höfum tekið eftir því að félagsfærnisagan tengt hvolpasveitinni virkaði best þar sem það var tengt áhugamáli barnanna.

### **Styrkleikar**

- Starfsmenn hafa verið mjög duglegir að vera í leik með börnunum sem gaf okkur tækifæri að aðstoða börnin þegar kemur að félagsfærni.
- Bækur sem innihalda eitthvað í tengslum við félagsfærni hafa verið valdar í samverustundum.
- Höfum verið dugleg að tala um tilfinningarnar okkar og börnin mjög áhugasöm þegar kemur að tilfinningum.
- Við höfum verið dugleg að hrósa börnunum og að kenna þeim að hrósa hvort öðru.
- Sjáum framfarir í félagsfærni hjá börnunum.

### **Tækifæri til umbóta**

- Bæta við félagsfærnisögum inn á deild og að allir starfsmenn takið þátt í félagsfærni kennslu.
- Auka samræmi starfsmanna þegar kemur að félagsfærni kennslu.



## **Frjáls leikur**

Frjáls leikur er mikilvægur hluti af þroska barna. Á Dvergasteini hvetjum við börnin að segja sínar skoðanir og þegar hægt er að gefa þeim möguleika á að taka ákvarðanir. Með þessu gefum við þeim tækifæri til að æfa ákvarðanatöku og hvetjum þau að tjá tilfinningarnar sínar. Í frjálsum leik, skiptum við börnum í þrjá hópa og þar sem hver hópur er á hverri stöð í um 20 mínútur. Okkur fannst að með þessu geta starfsmenn tekið meira þátt í leiknum sem börnin fara í, talað við börnin lengur og haft betri yfirsýn yfir aðstæðunum. Með því að skipta börnunum í minni hópa tryggir það að öll börn fá sömu möguleika til að læra og leika saman með ólíkum hópum af börnum. Við eigum oft skemmtileg samskipti við börnin þar sem við spyrjum opnar spurningar og lýsum og bætum við það sem þau eru að gera. Yfir önnina höfum við tekið eftir miklum framförum í málþroska og félagsfærni barnanna (t.d. byrja þau oft samræður og spyrja spurninga milli þeirra og þegar þau tala við kennara í stað þess að kennarar byrji umræður). Við höfum einnig aðeins byrjað að innleiða Gefðu 10 til að tryggja að öll börnin fái sama magn af athygli, sem gerir okkur kleift að fylgjast betur með þeim hver fyrir sig.

## **Styrkleikar**

- Frjáls leikur gefur börnunum tækifæri til að æfa hugmyndaflug sitt og ákvarðanatöku þar sem þau stjórna leiknum sem þau eru í.
- Hópaskipting í frjálsum leik gaf kennurunum og börnunum tækifæri til myndunar á betri tengslum við hvort annað, sem leiðir til minnkunar á ágreiningi sem ekki er hægt að leysa. Tengslin leiða til þess að börnin eru fljót að láta okkur vita ef eitthvað er að gerast og tjá tilfinningarnar sínar með orðum. Með þessu sjáum við tækifæri til lærdóms fyrir krakkana og sýnum þeim leiðir til að leysa úr vanda. Þetta tengist því einnig félagsfærni.

## **Tækifæri til umbóta**

- Búa til spjald þar sem eru sett er mynd af því sem er í boði (eitthvað sem að börnin velja) og börnin geta sett mynd af sér á þá stöð sem þau vilja vera. Þá getum við haft meira skipulag á frjálssa leiknum. Börnin fá því að skipta sér sjálf í hópa með aðstoð starfsfólks.

## **Heilbrigði**



Eitt markmið sem sett var í umbótaáætlun seinasta vetur var að bæta slökun og núvitundaræfingum inná Dvergasteini til að hjálpa börnunum að finna leið til að ná stjórn á sjálfum sér. Í vetur hefur okkur tekist ágætlega að nýta slökunaræfingar frá hugarfrelsi til að slaka á. Við höfum verið að nota t.d. finna lykt af blóminu og blása á kertið, anda inn og út og teygja í leiðinni og fleira. Okkur hefur fundist þetta virka mjög vel þegar börnin eru æst eða mjög spennnt til að hjálpa þeim að slaka á. Okkur langar því næsta vetur að halda þessu áfram og kannski bæta við stundum þar sem við hlustum á slökunaræfingar frá hugarfrelsi og að taka slökunaræfingar í útinámi.

### **Styrkleikar**

- Höfum tekið eftir því að þegar við gerum litlar slökunaræfingar fyrir matartíma ná börnin að slaka á áður en þau borða og eru þá með betri einbeitingu við að borða matinn í matartímum.
- Þegar börnin eru æst og ná ekki sjálf að slaka á höfum við verið dugleg að nýta okkur slökunaræfingar frá hugarfrelsi til að þau læri aðferð til að slaka á.

### **Tækifæri til umbóta**

- Hægt væri að auka slökunaræfingar í daglegu starfi og setja það inn í dagskipulagið.
- Gætum verið duglegri að kenna börnunum að nota slökunaræfingarnar þegar þau eru orðin æst í frjálsum leik. Þá geta þau gripið í þessar æfingar þegar þeim vantar verkfæri til að slaka á.

### **Útinám**

Sett var markmið um að fara í lengri útinámsferðir. Því markmiði var ekki náð þar sem við fundum fyrir að betra væri að fara frekar oft í styttri útináms ferðir heldur en lengri þar sem að börnin eru en þá ung og hafa kannski ekki nægt úthald fyrir að labba of langt. Útinám er mikilvægt nám þar sem börnin fá að kynnast og læra hvernig það er að fara með hóp út fyrir leikskólalóðina. Í byrjun vetrar voru keypt bönd sem að börnin leiða til að auka öryggi bæði barna og starfsmanna. Markmiðið með því var að tryggja það að allir haldi hópinn á meðan krakkarnir eru að læra að fara í útinám. Þetta reyndist mjög vel og finnst krökkunum mjög spennandi að halda í bandið. Eftir áramót vorum við dugleg að fara út og lesa fyrir börnin og var það partur af útináminu þó svo að ekki var farið út fyrir leikskólalóðina.

### **Styrkleikar**



- Við undirbúðum börnin vel áður en við lögðum af stað. Við töluðum um hvernig veðrið væri og hvað við þyrftum að klæðast. Við töluðum um hvert við værum að fara og hvað við þyrftum að gera til að passa uppá að halda hópinn.
- Við löbbuðum og sungum lög á meðan við gengum. Við töluðum um náttúrunnar sem var í kringum okkur.
- Við prófuðum að leika á mismunandi leikvöllum.

### **Tækifæri til umbóta**

- Til að útinám virki þarf gott skipulag. Því gætum við á Dvergastein búið í byrjun mánaðar til skipulag hvenær, hvert og hvað er gert og fjallað um í útinámi.
- Búa til möppu þar sem við skrifum um útinámið og hvað var gert. Með þessu getum við haldið utan um ferðirnar og börnin skoðað hvað þau eru búin að vera að gera í útinámi.
- Við ætlum einnig að bæta undirbúning fyrir ferðirnar. Skoða hvað aðrir eru að gera og finna hugmyndir af skemmtilegum verkefnum sem hægt er að gera í útinámi í möppunni „Hugmyndir fyrir útinám“ sem er í undirbúningsherberginu.

### **Sjálfsfelling**

Eitt af því sem við bættum við í daglegu rútínuna inná Dvergasteini var meiri sjálfsfelling hjá börnunum. Það fól í sér að börnin gengu frá eftir sig í matartímum sem börnunum fannst mjög gaman og hjálpuðu okkur einnig að taka allan mat af borðunum, ná í tusku og þrifa borðin. Einnig eru börnin byrjuð að klæða sig meira sjálf í útiföt og síðan fær þjónn dagsins að hjálpa starfsmanni að ganga frá eftir hvíld. Við sjáum fyrir okkur að halda áfram næsta vetur að auka sjálfsfellingu til að auka sjálfstæði barnanna. Börnunum hefur fundist mjög gaman að fá að gera hlutina sjálf og sjáum við mikla framför hjá þeim.

### **Styrkleikar**

- Börnin hafa náð miklum framförum í sjálfshjálp og hafa mjög gaman af því að gera hlutina sjálf.
- Við höfum veitt börnunum tækifæri til að hjálpa sér sjálf.

### **Tækifæri til umbóta**



- Gefa börnunum tækifæri til að skammta sér sjálf í matartímum.

### Umbótaráætlun Dvergasteins 2023-2024

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrg ð	Hef st	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
<b>Félagsfær ni</b>	<b>Að starfsfólk kenni börnum félagsfær ni og viðeigandi hegðun í gegnum frjálsan leik.</b>	Starfsmen n fræðist um mikilvægi félagsfærni og hvað felst í því að kenna börnunum félagsfærni .	Allir starfs menn deilda rinnar	Sep t	Maí	Deildarfundir nýttir til að endurmeta, stýra og endurplana ferlið. Skrá niður hvað virkar og hvað ekki.	Að starfsfólk finni hvernig best væri að kenna börnum á deildinni félagsfær ni.
	<b>Auka þekkingu barnana á tilfinningu m og jákvæðum samskiptu m</b>	Með því að lesa félagsfærni sögur og tala við börnin um tilfinningar nar gegnum daginn.	Allir starfs menn deilda rinnar	Sep t	Maí	Deildarfundir nýttir til að endurmeta, stýra og endurplana ferlið. Skrá niður í bók hvað börnin vita í byrjun veturs og í lok veturs.	Að börn séu fær um að tjá tilfinninga rnar þeirra með orðum og öðlast færni í jákvæðu m



							samskiptum.
<b>Heilbrigði</b>	<b>Auka notkun á slökunar og núvitundaræfingum í daglegu starfi.</b>	Með því að kenna börnunum auðveldar núvitundaræfingar t.d. í samveru, hvíld, frjálsum leik eða matartímu	Allir starfsmenn deilda rinnar	Sep t	Maí	Nýta deildarfundir til að ákveða hvaða æfingar henta yngstu börnunum og hvernig hefur gengið.	Að börnin læri góða tækni til að stjórna tilfinningum sínum í gegnum slökunaræfingar (frá hugarfrelsi)
<b>Útinám</b>	<b>Að auka útinámsferðir með betri skipulagi</b>	Byrjun annar/mánadag vera búin að skipuleggja útinámsferðir. Hvenær og hvert er farið.	Allir starfsmenn deilda rinnar	Okt	Maí	Deildarfundir nýttir til að endurmeta, stýra og endurplana ferlið. Haft möppu með upplýsingum um útinámsferðirnar.	Að börnin öðlist færni sem þarf í útinámi.
<b>Sjálfsþing</b>	<b>Að bæta sjálfstæði barnanna þar sem þau fá</b>	Gefa börnunum meiri tíma til að hjálpa sér	Allir starfsmenn	Okt	Maí	Deildarfundir nýttir til að fara yfir hvernig gengur, hvað	Börnin fá fleiri hlutverk inná deild.



	<b>fleiri tækifæri til að hjálpa sér sjálf</b>	sjálf, t.d. í matartímum að ganga frá og skammta sér sjálf og að klæða sig sjálf.	deildari nnar			virkar og hvað virkar ekki.	Börnin auki sjálfstæði.
--	------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------	---------------	--	--	-----------------------------	-------------------------

## Innra mat Grenilundar

Á Grenilundi eru 20 börn. Að þessu sinni vorum við með tvo árganga. Mannauðurinn samanstóð af tveimur leikskólakennurum í einni og hálfri stöðu, leikskólaliða og tónlistarmanni. Þegar á leið á haustið kom til okkar starfsmaður frá Úkraínu.

Unnið var að tveimur þemaverkefnum, fyrir valinu varð Einar Áskell þar sem að hann fagnaði 50 ára afmæli sínu. Eftir áramót var það síðan Sigurfljóð eftir Sigrúnu Eldjárn. En hún er hjálpsöm og góður vinur en það er einmitt það sem við erum alltaf að leggja áherslu á. Umsjónarmennirnir tóku hana til fyrirmyndar og báru skikkju eins og Sigurfljóð.



Við tókum enn og aftur þátt í verkefninu Göngum í skólann og börnin skráðu í upphafi dags hvernig þau mættu í skólann. Þetta verkefni gefur okkur tækifæri um að ræða um fjölda, fleiri og færri og s.fr.

Hópastarfið hjá okkur var bygging, myndlist, hreyfing og útinám og okkur gekk vel með að tengja þemaverkefnið einnig inn í það eins og hugarfrelsi.



Áherslan hjá okkur að þessu sinni var **félagsfærni**, **heilbrigði**, **fjölbreytileikinn** og **sjálfsefning** og einkunnarorð skólans **gleði**, **vinsemd** og **virðing** skein í gegn um starfið hjá okkar.





## Félagsfærni: Styrkleikar

- Mikil áhersla var og er lögð á jákvæð samskipti, vinfærni, hjálpsemi og vera til staðar í leik barnanna og geta gripið inn í þegar við átti. Við bættum einnig við að vera með hringekju því þá eru starfsmenn fastir á sínum stað og tryggir að þeir séu til staðar í leiknum. Það reyndist vel, því töluvert var um breytingar á starfsmanna hópnum. Einnig lögðum við mikla áherslu á að setja orð á allar athafnir daglegs lífs. Þessu þætti er lokið, en við viljum gera betur varðandi það að vera meira til staðar í leik barnanna úti þá aðallega yfir vetrartímum því við erum búin að bæta okkur í þátttöku í leik barnanna yfir sumartímum.

### Tækifæri til umbóta:

- Við viljum gera betur í að vera meira til staðar í leik barnanna úti og geta gripið inn í og leitt þau áfram í þá átt að eiga jákvæð samskipti sín á milli.

## Félagsfærni, sjálfsefning og læsi

### Myndrænt skipulag

#### Styrkleikar

- Upp er komið gott myndrænt skipulag bæði hvað varðar daglegt skipulag, í hvað á ég að klæðast þegar ég fer út, eins úr hverju er best að fara fyrst úr þegar ég kem inn, umsjónarmaður og myndir varðandi tilfinningar og við dugleg að fara og skoða þær eins eru börnin eru farin að eiga auðveldara með að tjá sínar tilfinningar.



### Tækifæri til umbóta

- Við verðum að gera betur varðandi myndræna dagskipulagið þá á ég við, að finna stund þar sem best er að setja það upp og fara yfir daginn með bönunum, sem og hver á að gera hvað.



Í vor

fórum

við í námsferð og skoðuðum leikskólann Grænuvelli á Húsavík. Þar kynntumst við starfinu



hjá þeim og það sem m.a vakti áhuga okkar var að börnin fá að velja sér hlutverk yfir veturinn. Við sáum því tækifæri á að auka sjálfsstæði barna og útfæra þessa hugmynd. Við teljum að með því að auka virkni barna í leiksskólasamfélaginu styrki þau og efli.

#### Tækifæri til umbóta:

- Styrkja nemendasjálfsstæði og félagsfærni með því að auka hlutverk barna í daglegu leikskólastarfi. (umsjónarmenn: dótastjórar, þjónar, garðstjóri, veðurstjóri).

#### Sjálfsþing:

#### Styrkleikar:

- Mikil áhersla er lögð á sjálfsþing og börnin hvött til að gera sem mest sjálf og aðstoði hvort annað. Við gefum okkur góðan tíma í verkið svo að það verði árangursríkara. Vel gekk að innleiða það að börnin gangi frá eftir matinn og allir starfsmenn meðvitaðir um það. Og börnin fljót að tileinka sér það.

#### Tækifæri til umbóta:

- Ekki náðist að allir starfsmenn vinni með það að hvetja þau til að skammta sér sjálf matinn á diskinn. Nú verða börnin hvött til þess að skammta sér sjálf og smyrja sitt brauð og fá sér álegg.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Félagsfæni</b>	Að starfsmenn verði meira til staðar í leik úti.		Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar	Haust 2023	Vor 2024	Umræður á deildarfundum.	Að starfsmenn verði virkir í vinnu með börnunum í útivistartímanum.
<b>Félfærini/ Sjálfeffing og læsi</b>	Auðvelda börnum að átta sig á því hvað er ætlast til af þeim	Myndrænt skipulag	Deildarstjóri og allir starfsmenn	Haust	Vor	Umræða á deildarfundum	Að börnin viti hvað ætlast er til af þeim og þau finni sig örugg
<b>Sjálfeffing, félagsfærni og læsi</b>	Styrkja sjálfstæði nemanda með því að bæta ábyrgð barna	Hafa fleiri hlutverk sem börnin geta tekið að sér og skipts á að sinna.	Deildarstjóri og allir starfsmenn á deildinni	Ágúst 2023	Maí 2024	Umræður á deildarfundum	Að börnunum líði vel og sýni sjálfstæði
<b>Sjálfeffing</b>	Að auka sjálfstæði barnanna með því að auka ábyrgð á þau í matmálstímum.	Að börnin skammti sér sjálf á diskana og smyrji sitt brauð og setji á það álegg ef vilji er fyrir því í	Deildarstjóri og allir starfsmenn.	Ágúst 2023	Maí 2024	Umræður á deildarfundum	Að þau skammti sér sjálf og geti smurt sitt brauð og sett álegg á.



## Innra mat Huldusteins

### Umbótaráætlun Huldusteins 2022 – 2023

Í vetur voru 17 skemmtileg og yndisleg börn á Huldusteini, öll fædd árið 2017 og eru því að fara í skóla í haust. Það örlar enn aðeins á covid og við sjáum það helst á því að börnin eru enn að þvo sér á morgnanna þegar þau koma án þess að það sé verið að segja þeim það, enda þekkja þau ekkert annað veslings börnin eftir öll þessi ár en endalaus handþvottur. Barnahópurinn að þessu sinni er mjög sjálfstæður og duglegur svona upp til hópa. Þau hafa eflst mjög mikið í vetur og viljum við meðal annars mikið þakka því að við erum með framsögn á mánudögum þar sem börnin hafa tækifæri til að segja frá t.d. hvað þau gerðu um helgina eða hvað eins sem þeim liggur á hjarta. Fyrst í haust voru mörg feimin og vildu ekki segja frá, þöggðu eða sögðu það sama og einhver annar hvað þá að koma fram fyrir hópinn. En í dag segja þau öll frá og fyrir framan hin börnin. Þetta eflir sjálfstraust og þolinmæði þar sem það þarf að hlusta á á meðan hin eru að segja frá og röðin komi að þeim. En það er alltaf hægt að gera betur og gera börnin sterkari félagslega og sjálfstæðari, þess vegna erum við að vinna með það.

### Barnasáttmálinn – Félagfærni:

Á haustin byrjum við alltaf að vinna með vináttuna og höldum því áfram allan veturinn til að efla félagsþroska og sjálfstæðið. Við notum orð eins og hjálpssemi, taka ábyrgð, tillitssemi og þolinmæði til að efla þessa þætti.

Við höfum verið að vinna með Hjálpfús í vetur ásamt því að lesa bækur um vináttu og einelti.

- **Styrkleikar:** Það er mjög gaman að sjá og heyra hvað börnin á deildinni eru góðir vinir og sýna mikla samkennd í öllu sem við erum að gera. Þau eru dugleg að nota og fara eftir hugtökunum hér að ofan.
- Við finnum einnig mun á börnunum hvað varðar sjálfstæði og öryggi. Við höfum verið með framsögn á mánudögum í allan vetur og fyrst í haust þá vildu kannski um 50% barnanna segja frá og ekki einu sinni öll þeirra að koma fram fyrir hópinn. En núna segja allir frá og standa fyrir framan hópinn og þau sýna mikla þolinmæði og tillitsemi við að hlusta á aðra.
- **Tækifæri til umbóta:** Að öll börnin fái sömu tækifæri til að tjá sig og að það sé hlustað á þau hvort sem er í fataklefanum, samverustundum eða fataklefanum. Við notum hvert tækifæri til að spjalla saman til að æfa þau í að koma orðum og skoðunum sínum í ljós.



### Tónlist:

Við höfum verið mjög dugleg að syngja í vetur og hreyfa okkur við tónlist, einnig að fara í ýmsa hreyfi- og söngleiki. Einnig eru söngstundir í leikskólanum einu sinni í viku þar sem allar deildarnar koma saman og syngja, stundum er gítarundirleikur. Enda léttir söngur lífið og okkur líður vel ef við förum að syngja. Við höfum verið nokkuð dugleg að nota tónlist og hreyfingu saman, bæði á sameiginlegum „böllum“ þar sem allur leikskólinn er saman að dansa eða aðeins við inni á deild. Í ár erum við í samstarfi við tónskóla Sigursveins eins og undanfarin ár, það er alltaf einn lagahöfundur tekinn fyrir á hverju ári og í ár er það Ragnhildur Gísladóttir eða Ragga Gísla eins og börnin segja. Þetta eru ótrúlega skemmtileg lög og börnin hafa mjög gaman af að syngja þau enda búin að læra lög og syngja hástöfum og eru ófeimin að syngja við framan alla á leikskólanum. Við endum svo á því að syngja á Barnamenningarhátíð í Eldborgarsal í Hörpu 18.apríl ásamt yfir 300 öðrum börnum.

- **Styrkleikar:** Við erum dugleg að syngja með börnunum og þau eru nokkuð fljót að læra texta sérstaklega ef við erum með handahreyfingar með eða tákn með tali. Börnin eru dugleg að syngja og eru ófeimin við það og einnig að koma fram fyrir aðra sem við höfum verið að gera til að æfa okkur fyrir Hörpuna. Allt þetta eykur sjálfstæði og öryggi barnanna.
- **Tækifæri til umbóta:** Við höfum ekki verið nógu dugleg að vinna með tónlist og myndlist saman, þar sem ætlunin var að láta börnin hlusta á tónlist og t.d. mála. Einnig að nota hljóðfærin, annað hvort að til að semja tónlist eða syngja og spila á hljóðfærin. Þetta verður því á umbótaráætlun okkar fyrir næsta vetur.

### Hugarfrelsi:

Við höfum aðallega verið með hugarfrelsi stundirnar í samverustundum, þar sem börnin hafa tækifæri til að liggja á dýnum ef með þess þarf og slaka á. Fyrst er byrjað að sitja í „lótus“ stellingu og láta þumalfingur snerta alla aðra fingur og segja um leið „ég-er-frábær-krakki“, þetta er kannski sagt þrisvar sinnum til að koma ró á hópinn. Þessar stundir hafa gengið mjög vel og börnunum virðast líða vel þegar þessar æfingar eru gerðar. Einnig höfum við verið með ýmsar öndunar og munnæfingar, t.d. við matarborðið eða áður en við hlustum á sögur í samverustund og þá kemur mikil ró yfir hópinn. Við sitjum líka stundum í hring og segjum eitthvað fallett við þann sem situr við hliðin á okkur, hrósa hvort öðru án þess að tala um fatnað eða skrautmuni einnig að þau þakki fyrir hrósið.

Þjóninn dregur hugarfrelsis spjald á hverjum degi sem er með einhverjum jákvæðum orðum inn í daginn eða mynd af tilfinningum. Börnin eru dugleg að lesa í spjöldin og við ræðum hvað þau þýða.



- **Styrkleikar:** Þetta hefur aukið vellíðan barnanna á eigin líkama, sem gerir þau öruggari og sjálfstæðari sem er alltaf okkar markmið. Sjálfsöruggari einstaklingar til að takast á við lífið.
- Það er líka gott að heyra jákvæðar staðhæfingar um sig og einnig að segja þær við aðra, það ýtir undir öryggi, jákvæðni og hugulsemi.
- **Tækifæri til umbóta:** En við vitum að við getum gert betur og við ætlum að vinna með börnin í minni hópum t.d. í hringekju, ca. 4.-5 börn í hóp. Þetta verður því á umbótaráætlun okkar næsta vetur.

### Útinám/umhverfislæsi:

Stefnan hjá okkur er að fara út á hverjum degi, jafnvel 2. sinnum á dag ef veður leyfir enda kraftmikil börn sem þurfa mikla útrás og mjög mörg þeirra eru æfa fótbolta og sækja því í boltaleiki úti. Það eru margar skemmtilegar gönguleiðir í nánasta umhverfi við leikskólann okkar sem við nýtum okkur í útináminu eins og Fossvogsdalurinn, Kópavogurinn, „úlfaskógur“ og „tröllaskógur“. Við förum líka stundum og heimsækjum aðra leikskóla og 2. sinnum í mánuði förum við í íþróttaskóla Víkings þar sem eru skipulagðar hreyfistundir og líkamsæfingar, einnig förum við á bókasafnið í Kringlunni 1. sinni í mánuði. Í öllum þessum ferðum okkar erum við að skoða og fræðast um umhverfið og náttúrunna, eins og t.d. hvaða árstíð er hverju sinni og breytingar á henni, hvað trén heita, fuglarnir og blómin. Mismunur á húsum, húsnúmerum/tölustöfum og götuheitum og auglýsingar t.d. á strætóskýlum svo eitthvað sé nefnt.

- **Styrkleikar:** Börnin verða öruggari í sýnu nánasta umhverfi og sýna umhverfinu tillitsemi.
- Útinám og útileikur eykur úthald og þol, mikla samkennd og tillitsemi í garðs hvors annars t.d. ef einhver meiðir sig.
- **Tækifæri til umbóta:** Við erum nokkuð ánægð hvernig hefur gengið hjá okkur í vetur en við viljum samt hafa útinámið markvissara og ætlum því að hafa útinám/umhverfislæsi í umbótaráætlun áfram næsta vetur.

### Mat barnanna:

Það sem við ákváðum að börnin myndu meta að þessu sinni var hvort þau myndu vilja breyta einhverju og hljóðaði spurningin á þessa vegu: „Ef þú gætir breytt einhverju í leikskólanum eða á deildinni Huldusteini, hverju myndir þú þá vilja breyta? Hvað viltu hafa öðruvísi?“ Það kom okkur á óvart hver svörin voru og hvað þau vildu litlu breyta, en þetta var þó það helsta frá 17.börnum.

- 4. börn svöruðu að þau vildu engu breyta



- 3.börn svöruðu að þau vildu fá fótboltavöll á leikskólann

Svo komu svör þar sem eitt og eitt barn svaraði um breytingar eins og t.d. að:

- 1.barn vildi að við myndum skipta oftari um leikföng í hillunum, fjölbreyttara framboð
- 1.barn vildi hafa oftari leir í boði
- 1.barn vildi hafa oftari búninga í boði
- 1.barn vildi hafa allavega eitt herbergi með hurð, sem við höfum ekki þar sem deildin okkar átti að vera salur og einungis er lokað með lágum skápum og tjuöldum.

Það ætti að verða auðvelt að verða að óskum barnanna og það var gaman að sjá og heyra þeirra hugmyndir og þá er bara að breyta og laga svo allir verði ánægðir.

Við ætlum að leggja þessar spurningar fyrir börnin í haust og svo aftur að vori þannig að það sé hægt að vinna betur úr þeirra óskum. Einnig verður gaman að sjá hvort það verði mikill munur á svörum.

Umbótaþætti Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlu n	Ábyrgðaraðil i	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Félagsfærni/ gildin 3, gleði, virðing og vinsemd</b>	- Að börnin telji sig örugg og eigi vini og sýnum hvort öðru virðingu -Allir eru jafnir þótt svo við séum ekki eins.	Með því að læra það hvernig við komum fram við hvort annað	Sept. 2023 – Maí 2024	Allt starfsfólk Huldusteins	Spjalla saman með börnunum í samveru og starfsfólki á deildarfundum	Að börnin séu með gott sjálfstraust og örugg í eigin skinni ásamt því að eiga góða vini



Tónlist	-Erum glöð og sátt					
	Að nota tónlist við ýmiskonar starf t.d. að mála, syngja og dansa. Einnig að nota hljóðfæri	Með því að nota hljóðfæri og tónlist meira	Sept. 2023 – Maí 2024	Allt starfsfólk Huldusteins	Á deildar-Fundum. Spyrja börnin hvernig þeim finnst .	Sjáum það í starfi hvort við höfum verið dugleg að nota tónlistina á margvíslegan hátt
Hugarfrelsi/núvitund	Að börnunum líði vel andlega og líkamlega	Gera ýmis konar æfingar við margs aðstæður og skipta hópnum í minni einingar	Sept. 2023 – Maí 2024	Allt starfsfólk Huldusteins	Á deildar-Fundum. Spyrja börnin hvernig þeim finnst	Hvort við höfum verið að nota núvitund reglulega og í smærri hópum
Útinám/Umhverfislæsi	Að fara í allskyns markvissar útinámsferðir og hvetja börnin í umhverfislæsi í leiðinni	Vekja athygli barnanna á t.d. götuheitum, tölustöfum, auglýsingum, mismunandi breytingum á náttúrunni o.fl.	Sept. 2023 – maí 2024	Allt starfsfólk Huldusteins	Á deildarfundum, og spjalli við börnin hvernig gengur	Að börnin eru orðin öruggari og læs á umhverfið sitt. Einnig að þekkja náttúruna betur og sýna henni tillitsemi
Áhorfandi og þátttakendur í leik barnanna	Að fullorðnir séu meiri þátttakendur í leik í leik barnanna til að koma í veg fyrir m.a. einelti og fylgjast með þroska barnanna í leik	Að hinn fullorðni séu meiri þátttakendur í leik barnanna og/eða fylgjast með	Sept. 2023 – maí 2024	Allt starfsfólk Huldusteins	Á deildarfundum og jafnvel að spyrja börnin hvernig þeim finnst að hafa fullorðna með í leik	Að börnin séu örugg og ófeimin að leika í návist fullorðna og til að koma í veg fyrir einelti





Að öll börn hafi hlutverk og stjórna	Að börnin verði leiðtogar og fái að stjórna, verða sjálfstæðari bæði inni og úti	Að öll börnin fái ýmis hlutverk sem þau hafa ákveðið í samstarfi með starfsfólki s.s. þjónn, veðurfræðingur og fataklefa vörður	Sept. 2023 – maí 2024	Allt starfsfólk Huldusteins	Á deildarf. og spyrja börnin hvernig gengur og hvernig þeim finnst þetta fyrirkomulag	Að börnin verði sjálfstæðir og öruggir einstaklingar sem geta unnið ýmis hlutverk
--------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------	-----------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------

## Innra mat Skógarlundar

Fyrri partur vetrarins var frekar krefjandi þar sem við vorum í tímabundnum húsnæði vegna framkvæmda í Álandi vegna myglu. Um leið að við komum aftur í Álandið, breytist starfsemin á Skógarlundi breytist til hins góða, og dreifa barnahópnum á stærra rými. Við lögðum áherslu að hafa sjónrænt skipulag og gefa börnin tækifæri til að velja og skiptast á verkefnum. Við tókum þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkur, ásamt Tónskóla Sigursveins og öðrum leikskólum borgarinnar með því að syngja lög eftir Rögggu Gísla í Hörpu. Verkefnið gekk mjög vel og vorum við mjög stolt af okkar barnahóp. Með því að taka þátt í svona verkefni fengu börnin ekki bara að læra um takt og tónlist heldur lærðu þau um íslenska menningu og urðu sjálf umboðsmenn menningar með því að heiðra verk Rögggu Gísla.

### Félagsfærni

Við á Skógarlundi þjálfum félagsfærni með því að leggja áherslu á að börn læri að skilja, segja frá og skilja hvernig þeim og öðrum líður ásamt því að æfa hvernig við eigum að eiga samskipti. Þetta gerir börn kleift að undirbúa sig fyrir grunnskóla þar sem kennslustundir verða formlegri og börnin þurfa þá að vinna saman til að takast á við mismunandi verkefni.

### Tækifæri til umbóta

Við gætum verið duglegri að nota Simma Skjaldböku, börnin kynntust þessu félagsfærnitæki



og leikskólinn fékk meira að segja skjaldbökubangsa en við hefðum getað búið til horn inn á deild þar sem þau gætu æft skrefin í Simma Skjaldböku.

- Hafa fleiri verkefni í kennslustofunni þar sem ástundun félagsfærni er meira til staðar: Til dæmis, eftir að hafa lesið sögu, búa til listaverk þar sem við túlkum tilfinningar og látum börn orða það sem þau skildu.
- Skrá það sem börnin segja til að fylgjast betur með framförum sínum.

### **Sjálfsæfing**

Sjálfsæfing birtist á Skógarlundi þegar við gefum börnum tækifæri til að verða sjálfstæðari. Því meira sem börn læra að gera hluti án þess að þurfa aðstoð því sjálfstæðari verða þau og því eykst sjálfálit þeirra vegna þess að þau finna stolt af því að sigrast á verkefnum sem þeim finnst í upphafi erfið eða óþægileg.

Við notuðumst við sjónræn skipulag svo að börnin vita hvernig dagskrá dagsins fer fram, það voru jafnvel sjónræn vísbendingar um hvernig börnin ætti að klæða sig eftir veðri. Þegar við förum út í gönguferð um hverfið fórum við stöðugt yfir umferðarreglurnar og virkjum börnunum svo þau myndu vera meðvituð um hvenær ætti að fara yfir götuna, skilja mismunandi ljós á götuljósinu og reglurnar um að taka strætó.

Val var innleitt hjá okkur þar sem börnin hefðu valkosti í hópastarfi, þessi stefna hjálpaði þeim að mynda sínar eigin hugmyndir um hvernig dagurinn myndi fara og hjálpaði þau að vita hvað væri næst á dagskrá. Þetta var okkar leið til að minnka kvíða barna gagnvart breytingum og óvissu.

### **Styrkleikar:**

Sjónrænt skipulag inn á deild sem gerði börnunum kleift að sjá hvernig dagurinn færi og hvernig ætti að klæða sig eftir veðri.

- Val á hópastarf sem gaf börnunum tækifæri til að láta raddir barna heyrast.
- Við vorum mjög dugleg að minna á reglur og ætti að gera áður en börnin biðja um aðstoð, t.d finna og fara í fót eða bíða eftir að röðin komi að þeim á matartíma.

**Tækifæri til umbóta:** Dreifa ábyrgð fyrir börnin inn á deild, við erum með umsjónarmaður fyrir matartímana en við gætum látið annað barn sjá um finna út hvaða fót á að klæðast þegar farið er út eða annað. börn sem myndu velja það sem verður í boði í valstundum.

- Hafa fleiri verkefni sem tengja sjálfsæfing með myndlist eða annað skipulagðara starfsemi.
- Skrá dæmi sem lýsir framförum barnanna.



**Heilbrigði:** Heilbrigði nær yfir allt það sem varðar að við lifa heilbrigðu lífi. Að borða hollan mat og læra hvernig á að vera til staðar og stjórna sjálfum sér. Skógarlundur leggur sérstaka áherslu á að mæta hreyfipörf barnanna og endurspeglar það í hversu reglulega við fórum út, skoðuðum hverfið, héldum uppi samstarfi við bæði Borgarbókasafnið og íþróttaskólann í Víkinni.

Hins vegar höfðum við það að markmiði að nota efnin í Hugarfrelsi meira inn á deild, eitthvað sem við hefðum getað verið duglegri að framkvæma. Hugarfrelsi var meira notað til að hjálpa börnunum sem þurfa stuðning sem tæki til að hjálpa börnin að stjórna ákveðnum kvíða sem sum börn höfðu.

**Styrkleikar :** Við fórum reglulega í ferðir til að mæta hreyfipörf barnanna og náðum að nýta þessar ferðir til að búa til kennslustundir um umferðarreglur, mismunandi árstíðir o.fl.

- Með samstarfi við íþróttaskólann gátum við greint hvernig grófhreyfingar hvers barns voru að þróast

**Tækifæri til umbóta** Nota Hugarfrelsi meira sem kennslutæki, til dæmis með ákveðinn hátt í samverustundir á morgnana til að æfa okkur og hlusta á sögur úr Hugarfrelsi.

- Skrá framfarir barnanna í það sem varðar tilfinningarstjórnun, umferðarreglur og hreyfifærni, ferðum utan skólastlóð og íþróttaskólans.



**Skilafundir** Við stefnum að hafa betra upplýsingaflæði milli Grenilundar og Skógarlundar og til þess að geta náð þetta markmiði var ákveðið að taka upp skilafundi þar sem báðir deildarstjórnarnir ræddu um börnin sem eru að byrja hjá okkur. Þetta myndi hjálpa kennurum að þekkja þarfir hvers barns og mæta menntunarpörfum þeirra frá upphafi nýs skólaárs og einnig til að hjálpa þeim að aðlagast nýjum venjum og nýju kennslustofunni eins vel og hægt er.

Umbótarþáttur/ Matsþáttur	Tækifæri til umbóta Af hverju er stefnt ?	Aðgerðir til úrbóta	Ábyrgð	Hefst-Lokið	Hvernig og hvenær metið	Viðmið um árangur Viðmið
Félagsfærni	Vinna markvisst með félagsfræðisögur		Deildarstjóri	Sept-maí	Metið á deildarfundum	Að auðvelda börnum að leysa ágreining sín á milli
Deildarfundir	Deildarfundir einu sinni í mánuði	Setja fundtíma niður fyrir skólaárið og setja inn í dagbók í tölvu	Deildarstjóri	Sept-maí	Í vor	Deildarfundur séu fastur liður í starfsemi deildarinnar
Hugarfrelsi	Að hugarfrelsi verði hluti að skipulagi deildarinnar	Finna tíma fyrir tíma fyrir Hugarfrelsi	Deildarstjóri	Sept/maí	Í endurmati í vor	Unnið markvisst með Hugarfrelsi
Skilafundur	Skilafundur á milli Skógarlundar og Grenilundar verði markvissari	Skilafundur	Deildarstjórar Skógarlundar og Grenilundar	Sept/maí	Í endurmati í vor	Markvissir skilafundur



Umbótarþáttur/ Matsþáttur	Tækifæri til umbóta Af hverju er stefnt ?	Aðgerðir til úrbóta	Ábyrgð	Hefst-Lokið	Hvernig og hvenær metið	Viðmið um árangur Viðmið
Félagsfærni	Vinna markvisst með félagsfræðisögur		Deildarstjóri	Sept-maí	Metið á deildarfundum	Að auðvelda börnum að leysa ágreining sín á milli
Deildarfundir	Deildarfundir einu sinni í mánuði	Setja fundtíma niður fyrir skólaárið og setja inn í  dagbók í tölvup	Deildarstjóri	Sept-maí	Í vor	Deildarfundur séu fastur liður í starfsemi deildarinnar
Hugarfrelsi	Að hugarfrelsi verði hluti að skipulagi deildarinnar	Finna tíma fyrir tíma fyrir Hugarfrelsi	Deildarstjóri	Sept/maí	Í endurmati í vor	Unnið markvisst með Hugarfrelsi
Skilafundur	Skilafundur á milli Skógarlundar og Grenilundar verði markvissari	Skilafundur	Deildarstjórar Skógarlundar og Grenilundar	Sept/maí	Í endurmati í vor	Markvissir skilafundur



## **Innra mat sérkennslu**

### **Mat á sérkennslu 2023-2024**

#### **Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar?**

Okkar megin markmið í sérkennsluteymi skólans er að koma til móts við öll börn og sníða námið að þeirra þörfum og getu. Sérkennslan styður hugmyndafræðina sem er á bak við menntun án aðgreiningar og mætir þeim börnum sem þurfa á auknum stuðning að halda í daglegu starfi. Stefnan okkar er að aðlaga sérkennslu leikskólans þar sem þörf barnanna liggur mest við, hvort sem það er í leik, í matartímum, samverustund eða vettvangsferðum. Til að mæta þessum þörfum og nýju farsældarlögum Reykjavíkurborgar var aukið starfshlutfall sérkennslustjóra í leikskólanum.

Á þessu skólaári var gott samstarf við Norðurmiðstöð, þjónustumiðstöðina í hverfinu. Norðurmiðstöð býður upp á ráðgjöf, fræðslu og upplýsingar, bæði fyrir starfsfólk leikskólans og foreldra. Hegðunarráðgjafar, sálfræðingar, talmeinafræðingar og sérkennsluráðgjafar eru í miklum samskiptum við starfsfólk sérkennslunnar og stjórnendateymi leikskólans. Mótun einstaklingsnámskráa og þjálfunar var í gert í samstarfi við ráðgjafa frá Norðurmiðstöð. Tekið var upp lausnateymi þar sem reglulega var fundað og gaf stjórnendum og starfsfólki tækifæri til að leita ráða til hegðunarráðgjafa, sérkennsluráðgjafa og talmeinafræðings.

Sérkennslufundir fyrir teymi sérkennslunnar komust á leggina, sem gaf starfsfólki í sérkennslunni tækifæri á að ræða saman og leita ráða hjá hvort öðru. Áhersla var lögð að hafa sérkennsluna sýnilegri fyrir börnin, starfsmenn og foreldra.

#### **Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl.?**

Skráningar voru gerðar út frá námskeiðum hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð. Notast var við einstaklingsmöppur til að halda utan um skráningar eftir vikumarkmiðum einstaklinga og skráð hvernig til tókst. Unnið var með lista þar sem merkt var við hvenær ákveðin færni var lögð inn og hvenær barnið náði færninni. Einnig var unnið með matarskráningar í matartímum, klósettskráningar í klósettpjálfun og AHA – skráningar til þess að leitast eftir mynstrum tengdum hegðun og næringu.

Starfsfólk sérkennslu notaði einnig skráningarblöð og sérkennslustjórar aðstoðuðu þá við að finna verkefni til að vinna með í einstaklingsstundum. Hakað var við það sem gert var í hverri



stund á hverjum degi. Einnig var hægt að skrifa athugasemdir við hvern dag, hvað gekk vel og hvað gekk ekki nógu vel.

Í hópastarfi var unnið með ljósmyndir, myndbandsupptökur og dagbókaskrif.

### Hvaða matsgögn voru notuð?

Matsgögnin sem notuð í vetur voru EFI-2, Hljóm-2, TRAS, AEPS, VB-MAPP og PECS, smábarnalistinn og íslenski þroskalistinn.

### Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?

Mikill tími fór í að fjárfesta og finna nýtt námsefni sem notast var við í sérkennslunni eftir framkvæmdir í húsnæði leikskólans. Notast var við allan þann efnivið sem leikskólinn á og vinnur með, en einnig voru keypt ýmiss konar spil sem voru bæði notuð í vinnustundum einstaklinga og inni á deild, fyrir málörvun, þjálfun á vitsmunafærni og félagsfærni.

Unnið var mikið með t.d. lestur bóka, ýmiss konar spil, félagsfærnisögur, örsögur, fínhyringaverkefni, ýmiss konar kubba og leikföng.

Lubbi finnur málbein er inni í daglegu starfi á öllum deildum leikskólans.

Hugarfrelsi var notað í slökun í minni hópum og sjálfsefningu.

Verkefni sem fylgja Hljóm-2 voru notuð til að efla hljóðkerfisvitund barnanna.

### Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðfer ðir?	Viðmið um árangur
Skipulag	Fastir fundir einu sinni í mánuði með stuðningsfulltrúum.	Hafa fasta fundi í dagbók í hverjum mánuði fyrir hvern og einn þjálf.	Sér kennslustjóri	Ágúst		Skoða dagbókina, sjá hvernig gengur og hafa mánaðarlega fundi.	Setjast niður með hverjum þjálf einu sinni í mánuði og fara yfir hvernig gengur, skoða markmið og veita stuðning.



Dagskipulag sérkennslustjóra	Hafa skipulag á því í hvaða húsi sérkennslustjóri er.	Setja upp vikuskipulag í báðum húsum. Festa daga, vera annan hvorn dag í sithvoru húsi.	Sérkennslustjóri	Ágúst		Skráningar í dagbók og skoðað hvernig gengur að fylgja fastri viðveru.	Sérkennslustjóri hefur fasta viðveru í hvorri starfsstöð og annað starfsfólk þekkir skipulag á því.
Dagskipulag stuðningsfulltrúa	Vikuplan fyrir stuðningsfulltrúa.	Setja upp dagskipulag fyrir hvern og einn stuðningsfulltrúa. Með þessu skipulagi veit deildin alltaf hvar stuðningsfulltrúinn er og hvað hann gerir þann daginn. Auðvelt er því að skipuleggja út frá vikuplani.	Deildarstjóri og sérkennslustjóri	Ágúst / Sept		Umræður og skipulag með þeim sem eiga hlut að, sérkennslustjóra, deildarstjóra og stuðningsfulltrúum.	Skýrt dagskipulag fyrir starf stuðningsfulltrúa er aðgengilegt öllum á viðkomandi deild. Þar kemur fram hvað unnið er með hverju sinni.
Yfirsýn á deildum	Fundur með deildarstjórum fyrir og eftir áramót	Sérkennslustjóri og deildarstjóri setjast niður einu sinni á hvorri önn og fara yfir barnahópinn, eru áhyggjur af einhverju barni á deildinni? Sérkennslustjóri setur niður fundi í byrjun skólaárs í samráði við deildarstjóra.	Sérkennslustjóri	Sept / Okt		Sérkennslustjóri skráir hvort fundur hafi verið og skoðar (með deildarstjóra) hvaða árangri þeir skila.	Fundir sérkennslustjóra og deildarstjóra eru haldnir einu sinni á hvorri önn þar sem rædd eru málefni barna og áhyggjur ef einhverjar eru, í þeim tilgangi að koma málefnum barna í réttan farveg og öðlast yfirsýn yfir stöðu barna/sérkennslu í skólanum öllum.





## Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið sem er úthlutað til leikskólans vegna fjöltyngdra barna hefur farið í laun verkefnastjóra sem hefur verið að sinna þessum verkefnum og að styðja við starf deildanna. Starfsmaður var í fæðingarorlofi.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Allar deildir eru hvattar til þess að gefa 10. Unnið markvisst með Lubba
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já, unnið er með orðaspjall á öllum deildum, bækur lesnar, ljóð og þulur og unnið er með valin orð sem þar koma fyrir. Tekin eru fyrir ákveðin þemu í orðaforða og unnið með þau. Þá eru samverustund á hverjum degi þar sem lesnar eru bækur, lagt inn orðaforða tengdum þemu, spilað og málörvunarverkefni unnin.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Notast var við Hæfniramma fyrir fjöltyngd börn og hann endurskoðaður á 2 mánaða fresti. Út frá honum voru málörvunarstundir skipulagðar. Einnig var notast við niðurstöður úr Hljóm- 2 til að styðja börn á elstu deild
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já, búið var til skipulag þar sem lagt var áherslu á alla þessa þætti. Málörvunarstundir fólu í sér að ýta undir alla þessa þætti á einum tímapunkti eða öðrum.

#### Niðurstöður innra mats

Unnið er með snemmtæka íhlutun og markvisst unnið með málörvun barna. Fjöltyngd börn voru tekin reglulega í málörvunarstundir þar sem unnið var með málið bæði í gegnum leik og samtöl. Farið var inn á deildir til að styðja við fjöltyngdu börnin í daglegu starfi. Starfsmaður nýtti fataherbergið til málörvunar með því að fara og aðstoða við klæðnað fyrir útiveru. Þá fór hann með í ferðir og studdi við þau börn sem það þurftu. Aukið var samstarf við foreldra þó alltaf megi gera betur. Foreldrar komu með bækur að heiman, kynntu fyrir okkur hefðum og menningum þeirra. Dagur fjöltyngis var haldin hátíðlegur þar sem haldið var ball með lögum á hinum ýmsu tungumálum. Þá voru gluggar skreyttir og foreldrar fengir til að kenna okkur setningar úr þeirra móðurmáli. Aðlögun fjöltyngdra barna var endurbætt þar sem fundir voru



haldnir með foreldrum ásamt túlki og sjónrænu skipulagi var komið upp. Foreldrar kenndu okkur frasa á sínu móðurmáli sem auðveldaði okkur samskipti við börnin í aðlögun. Starfsmaður fór í veikindaleyfi í lok febrúar 2022 og fæðingarorlof í maí 2022. Enginn starfsmaður mun taka við á stöðunni á meðan og því munu umbætur bíða á meðan.

### Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Auka foreldrasamstarf fjöltyngra barna	Daglegt starf og upplýsingaflæði	Gefa foreldrum fleiri tækifæri til að koma inn á deildir og taka þátt í daglegu starfi. Þá má nýta tyllidaga og aðra daga til að kynna foreldrum fyrir íslenskrri menningu. Styðja mætti foreldra við að komast inn í íslenskt samfélag	Verkefnastjórnir fjölmennningar, deildarstjórnar og leikskólastjórnar	Sept 2023	Maí 2024	Rætt við foreldra um þeirra upplifun af samstarfi og hvað betur mætti fara.	Niðurstöður samtala við foreldra.
Málörvun inni á deild	Gera má ennþá betur við að fara inná deildir og	Skipuleggja tíma þar sem starfsmað	Verkefnastjórnir fjölmennningar	Sept 2023	Maí 2024	Haldið verður utan þá tíma sem starfsmaður ver inni á deildum og	Skoðað verður skráning um



	styðja við börn í málörvun í daglegu starfi.	ur fer markvisst inná deildir til að styðja við málörvun bara í daglegu starfi.				hvað hann gerði með skráningum.	málörvun inni á deildum og metið hvað betur má fara.
--	----------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------	--	--	--	---------------------------------	------------------------------------------------------

## 6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Við ákváðum að taka starfsþróunarsamtölin saman þetta skólaárið árið. Leik og aðstoðarleikskólastjóri. Samtölin stóðu í aðeins lengri tíma en ráðgert var en það var vegna þess að upp komu verkefni sem tóku allan tímann okkar. Er það stefna okkar að klára öll viðtölin á þessu skólaári. Fræðsla starfsfólksins fer aðallega fram á skipulagsdögum og í tengslum við umbótaráætlun leikskólans. Starfsfólk sem vinnur að sérkennslu fer á námskeið sem koma að þjálfun barna sem þurfa stuðning eða sérstakra íhlutunar. Sérkennslustjórar taka þátt í lærdómssamfélagi sérkennslustjóra í hverfinu. Stjórnendur eru þátttakendur í lærdómssamfélagi leikskólastjóra.

### Fræðsla sem hefur verið þetta skólaárið er

- Kynning á betri þjónustu við börn BBB (Betri borg fyrir börn)
- Fyrirlestur um starfendarannsóknir
- Kynning á samskiptasáttmála
- Kynning á starfi með málþroska og læsi í leikskólanum Ösp. Með áherslu á börn sem eru með annað móðurmál en íslensku.
- Námsferð til Húsavíkur þar sem við fengum að kynnast hvernig unnið er með læsi, útinám og jákvæðan aga.
- Lærdómsamfélag sérkennslustjóra.

## 7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf skólanna og frístundamiðstöðvarnir í hverfinu hefur gengi vel í vetur. Var ákveðið að skerpa á samstarfinu eftir að hafði legið niðri eftir húsnæðisvandræði og covid. Við hittumst síðast haust og skipulögðum heimsóknir .

- 2. nóvember heimsókn nemenda frá Furuskógi í Fossvogsskóla



- 16. nóvember(Dagur íslenskra tungu) nemendur frá Fossvogsskóla koma og lesa fyrir börnin í Furuskógi.
- 12.-16 desember Fossvogsskóli býður nemendum Furuskógar og Kvistaborgar á battó-jól.
- Nemendur úr 7. bekk í Fossvogsskóla heimsækja leikskólana og lesa bækur fyrir alla. Æfing fyrir Stóru upplestarkeppnina.
- 22. mars Nemendur úr Furuskógi komu í heimsókn í Fossvogsskóla í kennslustund hjá 1. bekk borða morgunesti með 1. bekk og fara í frímínútur. Eftir frímínútur fara þau í heimsókn í frístundamiðstöðina Neðstaland.
- 11. apríl Nemendur úr Furuskógi og Kvistaborg koma í íþróttatíma í Fossvogsskóla með 1. og 2. bekk fara Fossvogshringinn og taka þátt í íþróttatíma
- 22.-26. maí Nemendur úr Furuskógi og Kvistaborg koma í heimsókn í frímínútur.

## Foreldrasamvinna

### Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- 28. ágúst
- 24. nóvember Sameiginlegur í hverfinu
- 05.febrúar 2024 Sameiginlegur í hverfinu
- 26. apríl 2024
- 29.apríl 2024
- 17. maí Sameiginlegur í Reykjavík

### Fylgigögn

#### .2 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans .....



---

Leikskólastjóri

Dagsetning



**Fylgiskjal 3**

**Starfsáætlun 2023 – 2024**  
**Nafn leikskóla**

**Umsögn foreldraráðs**



## Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX  
XXXXX XXXXXXXX  
XXXXX XXXXXXXX

### Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

### **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

### **Umsögn foreldraráðs:**









# **Starfsáætlun 2023 – 2024**

## **Leikskólinn Furuskógur**

### **Umsögn foreldraráðs**

#### **Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Alexandra H.L. Jóelsdóttir**

**Eyrún Bjarnadóttir**

**Hildur Sturludóttir**

**Margrét Rajani Davíðsdóttir**

**Marteinn Briem**

## Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráði Furuskógar hefur á fundi með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra verið kynnt starfsáætlun leikskólans fyrir starfsárið 2023-2024.

Það er mat foreldraráðs að starfsáætlunin sé bæði ítarleg og faglega unnin. Starfsáætlunin uppfyllir öll þau atriði sem kveðið er á um að séu til staðar í leikskólastarfinu. Það er okkar mat að faglegt starf er unnið á leikskólanum og áherslur starfsins samræmast vel skólanámskránni þar sem hagsmunir barna eru settir í forgang.

Að mati foreldraráðs fer fram faglegt starf í Furuskógi, áhersla á vellíðan bæði barna og starfsfólks. Áhersla er á að skapa umhverfi þar sem gleði, vinsemd og virðing eiga að einkenna samskipti bæði barna og starfsfólks. Allar deildir leggja ríka áherslu á jákvæð samskipti, sjálfsefningu, vináttu og félagsfærni. Einnig er áhersla á hlutverk starfsfólks í frjálsum leik barnanna en sá þáttur samræmist vel þeim áherslum sem menntastefnur segja til um.

Deildir leikskólans hafa sett sér margvísleg fagleg markmið sem hæfa aldri og þroska barnanna, markmiðin snúa meðal annars að foreldrasamstarfi, réttindum barna og fjölmenningu. Þessir þættir munu efla skólastarfið enn frekar og getum við verið stolt af þessum áherslum sem leikskólastarfið býður börnunum okkar. Lögð er áhersla á núvitund og slökun með aðferðum Hugarfrelsis en þessar aðferðir geta aukið vellíðan og eftir sjálfsmýnd barnanna.

Foreldraráð er sammála að gott væri að gera starfið sýnilegra og að sköpuð verði tækifæri fyrir foreldra að taka þátt í námi barna leikskólans með hugmyndum og tillögum. Það skilar sér í heildrænu umhverfi heimilis og skóla fyrir börnin.

Lengi hefur verið sú hefð á leikskólanum að börn megi koma með nesti að heiman á afmælisdegi sínum fyrir alla deild sína. Álandsmegin hefur reglan afmarkast við hollt nesti en verið frjálsgri Efstalandsmegin. Nú hafa skólastjórnendur sett samsvarandi reglur fyrir allar deildir beggja megin sem miðast við hollt nesti. Foreldraráð styður þessa samræmingu.

Myglumálum og óreglu á húsnæði virðist vera með öllu lokið um sinn og einungis reglubundið eftirlit framundan. Börn, foreldrar og starfsfólk Álandsmegin geta andað léttar! Þó ber að ítreka líkt og í sömu skýrslu fyrir ári að loftgæði og lykt á Dvergasteini er óásættanleg. Nýjustu fréttir herma að þar sé von á loftræstingu með viftu. Það er gott að heyra að fyrirhugaðri bætingu á starfsaðstöðu barna og starfsfólks Efstalandsmegin, þar sem húsnæðið er ansi þröngt.

Reykjavík, 13. október 2023

Alexandra H.L. Jóelsdóttir

Eyrún Bjarnadóttir

Hildur Sturludóttir

Margrét Rajani Davíðsdóttir

Marteinn Briem